

**225. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 10. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2112122 - Innnesvegur - yfirfærsla veghalds frá Vegagerðinni**

Samkomulag við Vegagerðina lagt fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samningurinn verði samþykktur. Skipulags- og umhverfisráð ítrekar mikilvægi þess að fylgja eftir fyrirvörum Akraneskaupstaðar við samninginn sem tilgreindir eru í 7. grein, að sóttur verði réttur Akraneskaupstaðar til ríkisins vegna aukins rekstrarkostnaðar og þess að vegi er ekki skilað í fullnægjandi ástandi m.t.t. þess að um veg í þéttbýli er að ræða.*

**2. 2104261 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3C - nýtt skipulag**

Lögð fram greinargerð vegna athugasemda við auglýst deiliskipulag. Athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið. Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð sviðsstjóra verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagið.*

**3. 2104262 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 5 - nýtt skipulag**

Lögð fram greinargerð vegna athugasemda við auglýst deiliskipulag. Athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið. Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð sviðsstjóra verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagið.*

**4. 2111071 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áfangi - Baugalundur 24 breyting**

Breyting á deiliskipulagi fellst í að stækka byggingarreit um 1,4 m í austur að opnu svæði og hækka nýtingarhlutfall úr 0,35 í 0,40.

Erindið var grenndarkynnt frá 26. nóvember til og með 25. desember 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.**